

FUNDARGERÐ

Árið 2022, fimmtudaginn 25. mars kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar að Sölvhólsgrötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Birgir Björn Sigurjónsson og Margrét Þórarinsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir síðustu funda

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir ráðgjafarnefndar frá 28. janúar 2022 og 18. febrúar 2022.

Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda.

2. Málafni Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Guðni Geir Einarsson, skrifstofustjóri í innviðaráðuneytinu, upplýsti nefndina um stöðu mála varðandi Innheimtustofnun sveitarfélaga.

3. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Kynntar voru þær tillögur sem til umræðu eru í starfshópi um endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, markmið þeirra og áhrif.

Nefndin verður upplýst frekar um framgang vinnunnar.

4. Flóttabörn frá Úkraínu

Rætt var um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs varðandi stuðning við flóttabörn frá Úkraínu. Fram kom að þau börn sem eru að koma til landsins fari ekki beint inn í almenna skóla en nauðsynlegt sé að bjóða þeim upp á lágmarksnám og frístund. Var rætt um að Jöfnunarsjóður gæti ef til vill veitt þeim sveitarfélögum framlög vegna aukins kostnaðar sem af þessari þjónustu hlýst.

Nefndin fól starfsmönnum að fylgjast með þróun málsins hjá þeim sveitarfélögum þar sem þjónusta af þessu tagi verður veitt.

5. Vatnsveitur á lögbýlum

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um framlög úr Jöfnunarsjóði til vatnsveitna á lögbýlum 2021. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur um árábil, á grundvelli heimildar í reglugerð nr.180/2016, greitt framlög vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla þar

sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Frá því á árinu 2016 hefur sjóðnum verið heimilt sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr.180/2016 að greiða allt að 25 m.kr. árlega vegna stofnkostnaðar við vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum. Hámarksframlag vegna einstakra framkvæmda má nema allt að 44% stofnkostnaðar. Framlöggin eru greidd til Matvælastofnunar (MAST) sem sér um meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna. Við úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði fyrir á þessu ári kom til skerðingar framlaga eða sem nam tæpum 13,6 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráherra að heimilt verði að greiða allt að 31,6 m.kr. árlega vegna vatnsveituframkvæmda á lögbýlum. Hækkunin tekur mið af þróun byggingarvísitölu frá því í febrúar 2016.

6. Erindi frá SSNV

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi SSNV þar sem óskað er eftir framlagi vegna tilraunaverkefnis. Fram kemur í erindinu að SSNV hafa hug á stórátaki í tengslum við umhverfismál vegna aukinna krafna sem gerðar eru til sveitarfélaga af bæði löggjafanum og ekki síst íbúa. Sveitarfélögin hafa verið að leita til samtakanna um aðstoð við gerð loftslagsáætlana, aðgerðaáætlana í tengslum við heimsmarkmiðin og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Fæst sveitarfélög hafa starfsfólk með þá þekkingu og reynsla sem nauðsynlegt er til að halda utan um þessi verkefni. Til að mæta því hefur SSNV þróað þriggja ára tilraunaverkefni sem lýtur að ráðningu starfsmanns með starfsheitið verkefnistjóri loftslagsmála og innleiðingu heimsmarkmiða. Hlutverk hans er að aðstoða sveitarfélögin með ofangreind verkefni.

Óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 15 m.kr. á þriggja ára tímabili eða sem nemur 5 m.kr. á ári.

Að lokinni umfjöllun ákvað meirihluti nefndarinnar að hafna erindi SSNV á þeim grundvelli að notagildi verkefnisins fyrir önnur sveitarfélög er ekki augljós. Nefndarmaðurinn Stefán Vagn Stefánsson vildi samþykkja erindið.

7. Útgjaldajöfnunarframlög 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu þriðja áætlun útgjaldajöfnunarframlaga árið 2022 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Samkvæmt áætluninni er lagt til að til úthlutunar komi 10.800 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575m.kr. samkvæmt B-hluta reglugerðarinnar eða samtals 11.375 m.kr. Áætlunin er með uppfærðum viðmiðum er liggja til grundvallar útreikningi framlaga. Forsendur við enduráætlaða úthlutun A-hluta framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2022.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2022.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2022.

- 1. janúar 2019, 2020, 2021 og 2022 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjufjöfnunarframlaga árið 2021 vegna tekjuskurðingar.

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í október 2021.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að hún yrði samþykkt.

8. Almenn grunnskólaframlög 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu önnur áætlun almennra grunnskólaframlaga árið 2022 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs. Gert er ráð fyrir að 10.765 m.kr verði úthlutað í almenn Jöfnunarframlög ásamt leiðréttingum vegna ársins 2020 að fjárhæð 60 m.kr.

Áætlunin tekur tillit til laga nr.157/2019 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, er kveður á um að framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, skulu falla niður. Í stað útsvarsstofns frá fyrri áætlun frá því í október er nú miðað við áætlaðan útsvarsstofn frá desember 2021 og í stað íbúafjölda frá 1. júlí 2021 er nú miðað við íbúafjölda frá 1.janúar 2022. Áætluð framlög til sveitarfélaga sem verða fyrir skerðingu fara til annarra sveitarfélaga samkvæmt útreiknuðu innbyrðis skiptihlutfalli.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning enduráætlaðra framlaga vegna ársins 2022:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2021.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við 1. janúar 2022.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um endanlegan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2020 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2021.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að hún yrði samþykkt.

9. Framlög vegna langtímaleigusamninga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs ásamt áætlun um framlög vegna jöfnunar kostnaðar af langtímaleigusamningum sem ríkið gerði við Brynju hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríki til sveitarfélaga. Útreikningur framlagsins tekur mið af því að sett er viðmið um eðlilegt leiguverð fyrir slíkt húsnæði og er mismunur raunverulegs leiguverðs

og viðmiðsins bættur úr Jöfnunarsjóði með framlagi. Viðmið við útreikninganna tekur mið af leiguverði að fjárhæð 2.176,6 kr. á m².

Samtals nema framlög 84,3 m.kr. miðað við áætlunina.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að hún verði samþykkt.

10. Erindi frá Bergrisanum bs.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Bergrisans bs. þar sem óskað er eftir framlagi vegna reksturs Sólheima ses. Bergrisinn bs. og Sólheimar ses. Eiga í samstarfi um þjónustu við fatlað fólk sem búsett er að Sólheimum í Grímsnesi. Byggir greiðslufyrirkomulag á útreikningum framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á árinu 2021 voru innleiddar breytingar á SIS-matskerfi Ráðgjafar- og greiningarmiðstöðvar en þær höfðu í för með sér mikla nýliðun. Þá voru framlög Jöfnunarsjóðs til rekstursins árið 2021 61,9 m.kr. lægri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Í erindinu kemur fram að umrædd lækun hafi veruleg áhrif á rekstur starfseminnar. Í ljósi þess óskar Bergrisinn eftir framlagi að fjárhæð 61,9 m.kr. vegna reksturs þjónustu við fatlað fólk á Sólheimum.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að fresta afgreiðslu og starfsmönnum falið að vinna málið milli funda.

11. Fasteignasjóður

Vinnureglur um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021.

Teknar voru til umræðu vinnureglur um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt vinnureglunum er heildarfjárhæð þeirri, sem ætluð er til framlaga til úrbóta á aðgengismálum árin 2021 og 2022, skipt niður á þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks. Rætt var um hvort breyta ætti skiptingunni svo hverju sveitarfélagi yrði ákvörðuð fjárhæð og hugsanlegar leiðir við slíka skiptingu voru ræddar.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að ekki væri tilefni til að breyta núgildandi vinnureglum um framlög þessi en takist sveitarfélögum, sem mynda þjónustusvæði, ekki að koma sér saman um forgangs röðun verkefna muni nefndin taka umsóknir frá sveitarfélögum á svæðinu samhliða til umfjöllunar.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem sótt er um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna byggingar færanlegs íbúðarhúss fyrir einstakling með mikla þjónustubörf. Umsóknin er á grundvelli e-liðar reglugerðar 280/2021, sem kveður á um úthlutun framlaga í öðrum sérstökum undantekningartilvikum sem talin eru falla vel að hlutverki Fasteignasjóðs en falla þó ekki undir aðra liði greinarinnar. Sótt var um 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs að fjárhæð 5,8 m.kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að veita framlag að fjárhæð 5,8 m.kr.

Hafnarfjarðarkaupstaður

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag annars vegar vegna uppsetningar rennihurða í Setbergsskóla. Hins vegar er um að ræða umsókn vegna uppsetningar rennihurða í Öldutúnsskóla. Samtals er sótt um framlag að fjárhæð 7 m.kr vegna framkvæmdanna tveggja.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að veita framlag að fjárhæð 7 m.kr.

Grýtubakkahreppur

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Grýtubakkahrepps þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna úrbóta á aðgengismálum. Til stendur að bæta aðgengi fatlaðs fólks að Sundlaug Grenivíkur. Sótt er um framlag til kaupa á hjólastól og útilyftu annars vegar og hins vegar til kaupa á rafmagnspumpum vegna hurða ásamt vinnu við uppsetningu. Sótt er um framlag að fjárhæð 2 m.kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að veita framlag að fjárhæð 2 m.kr.

Grímsnes- og Grafningshreppur

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Grímsnes- og Grafningshrepps þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum í Kerhólsskóla. Sótt er um framlag til kaupa og uppsetningar á lyftu í skólanum.

Þar eð ekki lá fyrir samþykki annarra sveitarfélaga sem mynda þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins.

12. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði haldinn hinn 27. apríl 2022.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 14:15.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Daníel Jakobsson

Stefán Vagn Stefánsson

Karen E. Halldórsdóttir